

**224. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
mánudaginn 2. október 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Kristín Kötterheinrich varaáheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2309310 - Tónberg- endurnýjun á búnaði**

Þörf er á endurnýjun á hljómbúnaði og ljósúm í Tónbergi, sal Tónlistarskólans. Rut Berg Guðmundsdóttir skólastjóri TOSKA og Elfa Margrét Ingvarsdóttir aðstoðarskólastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð pakkar Rut og Elfu fyrir góða yfirferð og leggur til við bæjarráð að leið C verði farin sem felur í sér endurnýjun á stjórnþúnaði í Tónbergi. Ráðið óska eftir að lagt verði mat á hvort skynsamlegt sé að skipta einnig út mögnurum í sömu aðgerð þ.e. leið D.*

Rut Berg og Elfa Margrét víkja af fundi.

**2. 2307091 - Málefni leikskólastigsins 2023**

Tilraunarverkefni með skráningardaga í leikskóla.

*Skóla- og frístundaráð fagnar góðum viðtökum foreldra við tilraunaverkefnum um skráningardaga í leikskólum. Rúmlega helmingur foreldra leikskólabarna á Akranesi hefur valið að skrá börnin sín í fri alla skráningardagana og fá þar með gjaldfrjálsan desember.*

**3. 2002322 - Námsleyfi í leikskólum**

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu að greiðslum til leikskólanna vegna náms leikskólastarfsmannna sem stunda nám í leikskólafræðum samhlíða vinnu og fá að sækja tíma á launum. Ekki er gert ráð fyrir viðauka vegna þessa kostnaðar þar sem fjármagn er til í fjárhagsáætlun sviðsins.*

**4. 2304063 - Brekkubæjarskóli - starfsemi**

Áheyrnarfulltrúar Brekkubæjarskóla, Arnbjörg Stefánsdóttir, G. Erna Valentínusardóttir, Kristín Kötterheinrich og Guðrún Hjörleifasóttir sitja fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð pakkar Arnbjörgu fyrir greinargóða kynningu á áherslum í skólastarfi Brekkubæjarskóla á yfirstandandi skólaári.*

Áheyrnarfulltrúar Brekkubæjarskóla víkja af fundi.

*DMS*

**5. 2309311 - Viðbrögð vegna lokunar íþróttahússins Vesturgötu**

Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþróttamála sitja fundinn undir þessum lið.

*Forstöðumaður íþróttamannvirkja upplýsti skóla- og frístundaráð um framgang bess að koma íþróttastarfsemi fyrir í öðrum íþróttamannvirkjum bæjarins.*

*Meginþungi starfseminnar fer á Jaðarsbakka og er barna- og ungmennastarf þar í forgangi. Skóla- og frístundaráð þakkar Daníel fyrir yfirlitið og hans vinnu í kjölfar lokunar á íþróttahúsinu á Vesturgötu.*

Daníel víkur af fundi.

**6. 2303108 - Mánaðaryfirlit 2023**

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri fer yfir stöðu málaflokknsins.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Kristjönu fyrir góða yfirferð.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Jónína Margrét Sigurmundóttir  
Lindur Brundsson  


